

Íbúaráð Breiðholts 10. janúar 2024: Breytingatillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Breiðholts um umferðaröryggi og vegtengingar við nýtt húsnæði Garðheima MSS23110005

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráð að tryggja að umferð vélknúinna ökutækja að nýopnuðum Garðheimum verði gerð öruggari hið fyrsta, t.d. með tímabundinni setningu hraðahindrana með tilliti til framtíðaráforma svæðisins. Að lágmarki leggur íbúaráðið til að merkingar fyrir alla vegfarendur til og frá Garðheimum verði gerðar eins glöggar og kostur er.

Greinargerð:

Það hefur komið fram í fjölmiðlum undanfarna daga og vikur að frágangur framkvæmda við Álfabakka/Árskóga/Reykjanesbraut í tengslum við nýrasið mannvirki sem hýsir m.a. Garðheima sé ófullnægjandi og óvissa ríkir um hvernig umferð verði stjórnað til lengri tíma. Þörf er á að íbúaráðið taki á þessu málefni og beini því til borgarráðs að úr þessu verði bætt sem skjótast.